



SAMSTARFSSAMNINGUR

1. gr.

Aðilar að samningi

Félag áhugamanna um stofnun Skrímslaseturs, kt. 580107-1250, Strandgötu 7, 465 Bíldudal. Umboðsmaður: Valdimar Smári Gunnarsson og Sveitarfélagið Vesturbyggð, kt. 510694-2369, Aðalstræti 75, 450 Patreksfjörður. Umboðsmaður: Forstöðumaður Muggsstofu, gera með sér svohljóðandi samstarfsamning.

2. gr.

Markmið

Með samningi þessum eru samingsaðilar sammála um að vinna saman að því að byggja upp starfsemi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvarinnar Muggsstofu á Bíldudal í húsnæði Skrímslasetursins að Strandgötu 7. Markmið samnings þessa er að skapa grundvöll fyrir samvinnu Skrímslasetursins og Vesturbyggðar í að byggja upp starfsemi Muggsstofu. Þannig geti Muggsstofa á grundvelli þessa samnings sótt um styrki til að efla starfsemi nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar.

Markmið með Muggsstofu er að:

- a) Efla samstarf og samvinnu aðila á Bíldudal
- b) Auka aðgengi og sjáanleika opinberrar þjónustu á Bíldudal
- c) Skapa lifandi umhverfi fyrir nýsköpun
- d) Þjóða aðstöðu fyrir fjölbreyttar þjónustu við samfélagið
- e) Efla frumkvöðlastarf og skapa gott umhverfi fyrir námsmenn

3. gr.

Muggsstofa

Muggsstofa er samfélags- og nýsköpunarmiðstöð og þar hefur menningar- og ferðamálafulltrúi starfsstöð sína sem einnig gegnir starfi forstöðumanns Muggsstofu. Starfsmaðurinn hefur ráðningasamband við Vesturbyggð.

Vesturbyggð leigir aðstöðu að Strandgötu 7 á Bíldudal, skv. viðauka 1 og þar fer starfsemi Muggsstofu fram, s.s. aðstaða fyrir störf án staðsetningar, aðstaða fyrir námsmenn og opinbera starfsemi, s.s. aðstaða fyrir starfsmenn Vesturbyggðar og starfsemi bókasafns Bílddælinga.

4. gr.

Samstarf

Með samningi þessum staðfesta aðilar að eiga með sér samstarf um uppbyggingu Muggsstofu, þannig að sveitarfélagið og félag áhugamanna um stofnun Skrímslaseturs standi sameiginlega að umsóknnum um styrki til að styðja við uppbyggingu Muggsstofu. Styrkir þeir sem fást til verkefnisins verða annars vegar nýttir í að byggja upp húsnæði starfseminnar eða bæta aðstöðu fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.

VG #H



5. gr.

Skyldur félags um stofnun Skrímslaseturs

Með samningi þessum staðfestir félagið að það leigi sveitarfélaginu húsnæði að Strandgötu 7 á Bíldudal til a.m.k. fimm ára í samræmi við leigusamninging skv. viðauka 1. Félagið mun sjá til þess að húsnæðið sé þannig skipulagt og snyrtilegt að starfsemi Muggsstofu geti farið þar fram. Félagið tekur á sig þann kostnað sem af framkvæmdum við húsnæðið hlýst, þar sem ekki fást styrkir fyrir.

6. gr.

Skyldur Vesturbyggðar

Með samningi þessum staðfestir sveitarfélagið að það leigi húsnæði að Strandgötu 7 til að minnsta kosti fimm ára. Sveitarfélagið skal sjá um kostnað sem snýr að kaupum á búnaði og húsgögnum sem tilheyra opinberri starfsemi og þjónustu.

Forstöðumaður Muggsstofu skal sjá um undirbúning og skipulag vegna umsókna um styrki fyrir Muggsstofu.

7. gr.

Eignir Muggsstofu

Eignir sem teljast vera eigur Muggsstofa skulu skráðar sem eign sveitarfélagsins og sér sveitarfélagið um rekstur þeirra og kostnað sem af því hlýst. Sem dæmi má nefnda kaup á prentara sem styrkur fékkst fyrir og sveitarfélagið sér um að reka og bera kostnað af. Að sama skapi er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjöld í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni, vegna kostnaðar sem til fellur við reksturinn.

8. gr.

Framsal samnings

Hvorugur aðili samningsins getur án skriflegs samþykkis hins afhent réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.

9. gr.

Samningstími

Samningur þessi gildir frá undirritun og er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og tekur gildi um mánaðarmót.

10. gr.

Staðfesting

Af samningi þessum eru gerð tvö eintök og heldur hvor aðili sínu eintaki. Rísi mál út af samningi þessum, skal það rekið í Héraðsdómi Vestfjarða.

VG
EH



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta að rétttri dagsetningu, undirskrift og forræði.

Bildudal, 1. október 2021

Fyrir hönd Félags áhugamanna

um stofnun Skrímslaseturs

Valdimar Gunnarsson

Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Fyrir hönd Vesturbyggðar

Rebekka Hilmarsdóttir

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

Vottar:

Gudrún H. Helgud.

Nafn

Erla Rún Jónsd.

Nafn

010487-2269

Kennitala

290384-2499

Kennitala



Viðauki 1. Húsaleigusamningur

1. gr.

Aðilar að samningi

Félag áhugamanna um stofnun Skrímslaseturs, kt. 580107-1250, Strandgötu 7, 465 Bíldudal.

Umboðsmaður: Valdimar Smári Gunnarsson

Sveitarfélagið Vesturbyggð, kt. 510694-2369, Aðalstræti 75, 450 Patreksfjörður.

Umboðsmaður: Forstöðumaður Muggsstofu

2. gr.

Lýsing á húsnæði

Leighúsnæðið er staðsett að Strandgötu 7, á Bíldudal í húsnæði Skrímslasetursins. Rýmið er í sunnanverðum austurhluta hússins, samtals um 90 m². Rýmið skiptist í tvær skrifstofur, handavinnuherbergi, félagsaðstöðu, eldhúsaðstöðu og salerni. Tveir inngangar að utanverðu eru inn í rýmið og eru heimil afnot af þeim báðum. Leiguhúsnæðið verður nýtt fyrir starfsemi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar á Bíldudal, þar sem fram fer þjónusta bókasafnsins á Bíldudal, félagsstarf aldraðra, vinnuaðstaða fyrir starfsmenn sveitarfélagsins og aðstaða fyrir háskólanemendur í fjarnámi. Þá er leigjanda heimilt að nýta húsnæðið fyrir aðra þjónustu og starfsemi á vegum sveitarfélagsins.

Með samningi þessum er leigjanda einnig heimilt að nýta aðstöðu í vesturhluta hússins, m.a. til að auka aðgengi svo sem að fleiri salernum og anddyri Skrímslasetursins og eldhús fyrir afmarkaða viðburði, í samráði við leigusala.

3. gr.

Leigutími

Samningur þessi er **ótímabundinn**.

Sjá nánar XI. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994, með síðari breytingum: „Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.“

4. gr.

Ástand hins leigða húsnæðis

Leiguhúsnæðið skal, þegar það er afhent leigjanda, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu. Húsnæðið skal við afhendingu vera hreint, rúður heilar, læsingar og rofar virkir, hreinlætis-, hitunar- og heimilistæki sem teljast fylgifé húsnæðis í lagi, sem og vatns- og frárennslislagnir, reykskynjari og slökkvitæki.

Þá skal leiguhúsnæði að öðru leyti fullnægja kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum.

Sjá nánar III. kafla húsaleigulaga: „Ástand hins leigða húsnæðis.“

Að leigutíma loknum skal leigjandi skila húsnæðinu ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því.

Sjá nánar XIII. kafla húsaleigulaga: „Skil leiguhúsnæðis.“

VG
JH



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

5. gr.

Viðhald á leiguhúsnæði

Leigjandi skal bæta tjón á húsnæðinu eða fylgifé þess, sem verður af völdum hans sjálfs eða annarra manna sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það. Leigjanda er skylt að annast á sinn kostnað minni háttar viðhald, svo sem skipti á ljósaperum og rafhlöðum í reykskynjurum og hreinsun niðurfalla.

Leigusali annast allt annað viðhald á hinu leigða, innan húss sem utan. Leigusali annast viðgerðir á gluggum, heimilistækjum sem teljast fylgifé húsnæðis, hreinlætistækjum, læsingum, vatnskrönum, rafmagnstenglum, reykskynjara, slökkvitæki og öðru því er fylgir húsnæðinu ef leigjandi sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar leigjanda eða fólks á hans vegum.

Leigusali skal ætíð bera tjón á hinu leigða, sem er bótaskyldt samkvæmt skilmálum venjulegra húseigendatryggingar, þar á meðal sjálfsábyrgð váttryggingartaka samkvæmt skilmálum tryggingarinnar.

Telji leigjandi viðhaldi ábótavant skal hann gera leigusala skriflega grein fyrir því sem hann telur að úrbóta þarfnist og skora á hann að bæta úr því. Sjá nánar IV. kafla húsaleigulaga: „Viðhald leiguhúsnæðis.“

6. gr.

Rekstrarkostnaður

Leigusali greiðir öll fasteignagjöld, þ.m.t. fasteignaskatt og tryggingaiðgjöld. Leigusali greiðir árgjöld veitustofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup. Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði sem þær leggja til greiðir leigusali það gjald.

Rekstrarkostnaður við hita og rafmagn í hinu leigða rými ásamt kostnaði við söfnun og förgun sorps fellur undir fjárhæð húsaleigu samkvæmt samningi þessum.

Sjá nánar V. kafla húsaleigulaga: „Rekstrarkostnaður.“

7. gr.

Afnot af leiguhúsnæði og aðgangur leigusala að hinu leigða húsnæði


Reykningar í leiguhúsnæðinu er með öllu óheimilar !

Óheimilt er að nota húsnæðið á annan hátt en um er samið í leigusamningi. Leigjanda er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði. Leigjanda er óheimilt að framkvæma breytingar eða endurbætur á hinu leigða húsnæði eða búnaði þess, nema að fengnu samþykki leigusala og gerðu skriflegu samkomulagi um skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara að leigutíma loknum. Skriflegt samþykki leigusala skal jafnframt liggja fyrir áður en leigjandi setur upp fastar innréttingar eða annað þess háttar fylgifé. Hið sama á við hyggist leigjandi skipta um læsingar í húsnæðinu. Tilkynna skal leigusala án tafar um þau atriði utan húss eða innan sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds. Sjá nánar VI. kafla húsaleigulaga: „Afnót leiguhúsnæðis.“

Leigusali á rétt á aðgangi að hinu leigða húsnæði með hæfilegum fyrirvara og í samráði við leigjanda, til að láta framkvæma úrbætur á hinu leigða og til eftirlits með ástandi þess og meðferð. Leigusala er þó aldrei heimill aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi eða umboðsmaður hans er ekki viðstaddur, nema að fengnu samþykki leigjanda.

Sjá nánar VIII. kafla húsaleigulaga: „Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.“

VG ZH



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

9. gr.

Fjárhæð og greiðsla húsaleigu

Leigufjárhæð er 190.000 kr. á mánuði og helst óbreytt út leigutíma skv. 3. gr. en heimilt að endurskoða fjárhæðina í fyrsta lagi 1. ágúst 2024. Rafmagn, kynding og sorpkostnaður er innan leigufjárhæðar sbr. 2. mgr. 6. gr.

Gjalddagi leigunnar er fyrsti dagur hvers mánaðar. Ef gjalddagi leigu ber upp á almennan frídag, skal gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir.

10. gr.

Sala á leiguhúsnæði, framsal á leigurétt, framleiga og fleira

Sala leiguhúsnæðis er ekki háð samþykki leigjanda. Réttarstaða leigjanda er almennt óbreytt og hin sama þrátt fyrir eigendaskiptin. Sérreglur gilda samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 90/1991, um nauðungarsölu. Leigusali skal tilkynna leigjanda sölu með sammanlegum hætti án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 30 dögum frá því að kaupsamningur var undirritaður.

Leigjanda er óheimilt að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala.

Sjá nánar IX. kafla húsaleigulaga: „Sala leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleiga o.fl.“

11. gr.

Úttekt á leiguhúsnæði

Leigjandi og leigusali eða umboðsmenn þeirra skulu gera úttekt á ástandi hins leigða húsnæðis áður en afhending fer fram og við lok leigutíma. Óháður úttektaraðili skal annast úttektina óski annar aðilinn þess og skiptist kostnaðurinn við úttektina þá að jöfnu milli þeirra. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigjanda við skil húsnæðis. Sjá nánar XIV. kafla húsaleigulaga: „Úttekt leiguhúsnæðis.“

12. gr.

Staðfesting

Um samning þennan gilda ákvæði húsaleigulaga númer 36/1994, með síðari breytingum. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Til staðfestu samningi þessum rita leigusali og leigjandi nöfn sín hér undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Bildudal, 1. október 2021

Leigusali:

Valdimar Gunnarsson
Nafn

Leigjandi:

Rebekka Hilmarsson
Nafn

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Guðnau H. Helgud.
Nafn
Erla Þun Jónsd.
Nafn

010487 - 2269
Kennitala
290384-2499
Kennitala